

## Fyrirkomulag við vaktaskemagerð á lyflækningasviði

Vaktaskemagerð er í höndum Ragnhildar Nielsen. Inga Sif Ólafsdóttir aðstoðar hana og leysir af í leyfum. Gerður Helgadóttir tekur við tilkynningum um vaktaskipti og sér um vinnustundina fyrir deildarlækna, kándidata og læknanema á lyflækningasviði.

Vaktaskema eru gerð fyrir 3 tímabil

Vaktaskema fyrir tímabilið Vikur 33-47 er unnið í maí og fullgert í byrjun júní. Allar séróskir fyrir það tímabil verða að berast fyrir 15 maí.

Vaktaskema fyrir tímabilið vikur 48-11 er unnið í september og fullgert í byrjun október. Allar séróskir fyrir það tímabil verða að berast fyrir 1 september.

Vaktaskema fyrir tímabilið vikur 12-32 er unnið í janúar og fullgert í byrjun febrúar. Allar séróskir fyrir það tímabil verða að berast fyrir 15 janúar.

Reynt er að verða við óskum en ekki er hægt að tryggja að hægt sé að verða við öllum óskum. Vaktaskema er alltaf birt með fyrirvara um breytingar. Öll vaktaskipti á að tilkynna Gerði Helgadóttur svo að hún geti tryggt að vinnustundin sé rétt skráð.

### Varðandi staðarvaktafri

- Staðarvaktafri er fyrirfram skipulagt í tengslum við næturvaktir.
- Staðarvaktafri er fyrirfram skipulagt í tengslum við MRCP próf
  - Part 1: próf á þriðjudegi  
SVF föstudag, mánudag og prófdag
  - Part 2: próf á þriðjudegi og miðvikudegi  
SVF föstudag, mánudag og prófdagana
- Staðarvaktafri fyrir helgarvaktir er ekki fyrirframskipulagt. Við mælumst til að kándidat fái 1 virkan dag í staðarvaktafri eftir helgarvaktarvinnuhelgi en það er í samráði við teymislækna hvaða dagur passar teyminu best og ekki hægt að gera ráð fyrir að það sé ávallt á mánudegi.
- Önnur staðarvaktafri eru aðeins veitt í samráði við teymið sem kándidatinn er á. Réttast er að hafa samband við yfirlækni á því teymi og fá að vita hvaða sérfræðingur er með teymið þá viku og senda þeim lækni ósk um staðarvaktafri. Staðarvaktafri er aðeins hægt að veita ef það passar inn í vinnufyrirkomulag deildarinn.

### Lengri leyfi (5 dagar eða meira)

- Óskir um slíkt þarf að senda til Ingu Sifjar Ólafsdóttur og Ragnhildar Nielsen.
- Ráðstefnuferðir. Ósk um leyfi til að fara á ráðstefnu skal senda á Friðbjörn Sigurðsson, Ingu Sif Ólafsdóttur og Ragnhildi Nielsen. Fáist leyfi verður senda beiðni um ráðstefnu í vinnustundinni sem Friðbjörn samþykkir.

### Reglur við veikindaförföll:

- Veikindaförföll skulu berast til:

- a. Gerðar Helgadóttur á virkum dögum 8-16 í síma:543-6550 eða 824-5216. Í fjarveru hennar tekur umsjónardeildarlæknir við veikindatilkynningum á dagvinnutíma.
  - b. Tilkynna á legudeild/teymi fyrir stöðumatsfund
  - c. Láta sérfræðilækni á teymi vita af þinni fjarveru (netpóstur eða símtal)
- Sms-skilaboð og skilaboð á fésbók eru ekki gild aðferð til að tilkynna veikindi.
  - Veikindatilkynningar skula berast a.m.k 8 klukkustundum fyrir áætlaða byrjun á vinnutíma, eða eins fljótt og hægt er ef óvænt atvik koma upp.
  - Ef boða verður veikindi utan dagvinnutíma skal hringja í deildarlækni í Fossvogi sími 825-9415. Deildarlæknirinn í Fossvogi sér um að hringja út og finna einhvern til að vinna vaktina.
  - Ef veikindi eru lengur en vika eða óvenjutíð styttri veikindi getur LSH farið fram á veikindavottorð.
  - Við veikindi á vakt er eðlilegt að bjóðast ávallt til að taka vakt af þeim unglækni sem vinnur veikindavakt í þinn stað. Við biðjum ykkur að virða þessar reglur og minnka það álag sem fylgir því að þurfa að fá einhvern á vaktir með stuttum fyrirvara. Það er allra hagur.